

Úrskurður

áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr.11/2000

Knattspyrnusamband Íslands gegn samkeppnisráði

I.

Með bréfi, dags. 28. október 2000, sem barst áfrýjunarnefnd samkeppnismála þann 30. október s.á. hefur Sigríður Rut Júlíusdóttir, hdl., fyrir hönd Sigurðar G. Guðjónssonar, hrl., vegna Knattspyrnusambands Íslands, kært ákvörðun samkeppnisráðs nr. 28/2000, dags. 2. október 2000. Samkvæmt hinni kærðu ákvörðun er áfrýjandi talinn hafa misnotað markaðsráðandi stöðu sína og brotið í bága við góða viðskiptahætti, sbr. 17. og 20. gr. samkeppnislaga. Með ákvörðuninni er þeim fyrirmælum beint til áfrýjanda að “Við sölu á aðgöngumiðum að landsleikjum Íslands í knattspyrnu er Knattspyrnusambandinu óheimilt að gera það að skilyrði fyrir kaupum á aðgöngumiða að einum knattspyrnuleik að jafnframt sé keyptur miði að öðrum knattspyrnuleik eða –leikjum.”

Áfrýjandi krefst þess aðallega að ákvörðun samkeppnisráðs nr. 28/2000, verði felld úr gildi og erindi upphaflegs kæranda, Neytendasamtakanna, verði vísað frá. Til vara er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi þar sem ekki hafi verið um misnotkun á markaðsráðandi stöðu að ræða af hálfu áfrýjanda.

Samkeppnisráð krefst þess að hin kærða ákvörðun verði staðfest með vísan til forsendna hennar.

II.

Málavextir eru þeir að á landsleik Íslands og Danmerkur í knattspyrnu sem fór fram 2. september 2000, var einungis hægt að kaupa

miða í forsölu ef einnig væri keyptur miði að leik Íslands gegn Norður-Írlandi sem fór fram síðar.

Þann 25. ágúst barst Samkeppnisstofnun erindi frá Neytendasamtökunum vegna þessa fyrirkomulags áfrýjanda við miðasölu.

Málsmeðferð Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs er lýst í hinni kærðu ákvörðun og vísast til þess sem þar segir.

Á fundi samkeppnisráðs þann 2. október 2000 var tekin ákvörðun í máli þessu. Ákvörðunarorðin eru eftirfarandi:

„Það fyrirkomulag sem Knattspyrnusamband Íslands viðhafði við sölu á aðgöngumiðum að landsleikjum Íslands og Danmerkur annars vegar og Íslands og Norður-Írlands hins vegar fól í sér samtvinnun í sölu á aðgöngumiðum. Með þessu móti hefur Knattspyrnusamband Íslands misnotað markaðsráðandi stöðu sína og brotið í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi, sbr. 17. gr. og 20. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Með heimild í 17. gr. og 20. gr. laganna, sbr. 51. gr., beinir samkeppnisráð eftirfarandi fyrir mælum til Knattspyrnusambands Íslands:

Við sölu á aðgöngumiðum að landsleikjum Íslands í knattspyrnu er Knattspyrnusambandinu óheimilt að gera það að skilyrði fyrir kaupunum á aðgöngumiðum að einum knattspyrnuleik að jafnframt sé keyptur miði að öðrum knattspyrnuleik eða –leikjum.”

III.

Til stuðnings aðalkröfu sinni heldur áfrýjandi því fram að starfsemi sín falli ekki undir atvinnustarfsemi sbr. 2. gr. samkeppnislaga. Bent er á að áfrýjandi hafi skyldum að gegna við uppbyggingu íþróttastarfsemi í landinu, forvarnarstarfsemi, landkynningu og menningarstarfsemi. Áfrýjandi hafi ekki með höndum atvinnustarfsemi sem rekin sé í hagnaðarskyni, heldur sé um að ræða félagasamtök sem stuðli að knattspyrnuíðkun hér á landi. Áfrýjandi telur að þar sem ekki sé um atvinnustarfsemi að ræða falli starfsemi áfrýjanda utan gildissviðs samkeppnislaga.

Til stuðnings varakröfu sinni heldur áfrýjandi því fram að ekki hafi verið um misnotkun á markaðsráðandi stöðu að ræða. Hann telur í fyrsta

lagi að Knattspyrnusamband Íslands hafi ekki markaðsráðandi stöðu. Bent er á að ef litið sé á starfsemi áfrýjanda sem atvinnustarfsemi þá verði við umfjöllun um markaðsyferráð að horfa til þess að starfsemi íþróttahreyfingarinnar sé hluti af afþreyingar- og tómstundaiðnaði þar sem ekki sé aðeins um að ræða landsleiki í knattspyrnu eða öðrum íþróttum, heldur líka tónleika, kvikmyndasýningar og ýmsa aðra viðburði. Þegar það sé skoðað geti áfrýjandi vart talist hafa markaðsráðandi stöðu.

Í öðru lagi telur áfrýjandi ekki unnt að skilgreina markaðinn sem sölu á aðgöngumiðum að landsleikjum í knattspyrnu. Horfa verði til þess að í boði séu fleiri knattspyrnuleikir en landsleikir, t.d. leikir í meistaradeildinni í knattspyrnu. Einnig beri að líta til þess að landsleikir eru einnig í öðrum íþróttagreinum t.d. handknattleik og körfubolta. Áfrýjandi mótmælir því að ekki sé víxlteygni milli landsleikja í knattspyrnu og annarra íþróttaviðburða.

Í þriðja lagi telur áfrýjandi að ef fallist verði á skilgreiningu samkeppnisráðs á markaðnum, þá hafi áfrýjandi ekki misnotað stöðu sína. Áfrýjandi kveðst aðeins hafa veitt afslátt af verði knattspyrnuleikja. Boðnir hafi verið til kaups miðar á tvo landsleiki í stað eins á lægra verði en ella. Á leikdegi hafi síðan verið boðnir til sölu miðar einungis á þann leik sem átti að fara fram þann daginn. Áfrýjandi bendir á að slík afsláttarkjör séu þekkt erlendis og m.a. hafi danska knattspyrnusambandið haft þennan hátt við sölu á aðgöngumiðum.

Samkeppnisráð bendir á að skv. 4. gr. samkeppnislaga sé um atvinnustarfsemi að ræða þegar sýslað sé með þjónustu gegn endurgjaldi. Það liggi fyrir að áfrýjandi selji almenningi aðgang að landsleikjum í knattspyrnu. Þjónusta sé þannig veitt gegn endurgjaldi. Þegar af þeirri ástæðu sé alveg fullkomlega ljóst að um atvinnustarfsemi sé að ræða sem falli undir ákvæði samkeppnislaga, sbr. 1. mgr. 2. gr. og skilgreining 4. gr. á hugtakinu atvinnustarfsemi. Bent er á að í þessum ákvæðum samkeppnislaga komi skýrt fram að félagsform skipti engu og því falli áfrýjandi hér undir þó um sé að ræða félagasamtök á sviði knattspyrnu.

Samkeppnisráð telur að sú skilgreining áfrýjanda á markaðnum, sem felur í sér að áfrýjandi starfi sem hluti af stórum afþreyingarmarkaði, standist ekki samkeppnislög. Útilokað sé að allir íþróttakappleikir, allar kvikmyndasýningar, allir tónleikar og í raun hvers konar afþreyingaruppákomur geti að verulegu leyti komið í stað hvernar annarrar.

Samkeppnisráð telur ekki heldur hægt að fallast á að landsleikir í knattspyrnu séu á sama markaði og landsleikir í öðrum íþróttagreinum eins og t.d. handbolta.

Samkeppnisráð telur ljóst að áfrýjandi hafi gerst sekur um ólögmæta samtvinnun. Í þessu máli hafi áfrýjandi reynt að hagnast á neytendum með því að nýta sér hinn mikla áhuga sem var á landsleiknum við Dani til að þvinga þá til að kaupa sig inn á landsleik sem vitað var að miklu minni áhugi yrði fyrir.

IV.

Niðurstöður.

1.

Í 1. mgr. 2. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 segir svo:

„Lögin taka til hvers konar atvinnustarfsemi, svo sem framleiðslu, verslunar og þjónustu, án tillits til þess hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum.“

Knattspyrnusamband Íslands er samband héraðssamtaka og íþróttabandalaga á sviði knattspyrnu og æðsti aðili hér á landi um knattspyrnumál. Hlutverk þess er einkum að hafa yfirstjórn allra íslenskra knattspyrnumála, að standa fyrir knattspyrnumótum á Íslandi, að vinna að eflingu knattspyrnu í landinu og að koma fram erlendis vegna knattspyrnumálefna. Knattspyrnusamband Íslands fellur undir ákvæði íþróttalaga nr. 64/1998. Samkvæmt 2. gr. laganna skal meginmarkmið aðgerða ríkis og sveitarfélaga á sviði íþróttamála vera að stuðla að því að allir landsmenn eigi þess kost að iðka íþróttir við sem hagstæðust skilyrði.

Fyrrgreind umsvif Knattspyrnusambands Íslands á sviði knattspyrnumála útiloka ekki að það geti talist stunda atvinnustarfsemi í skilningi samkeppnislaga að því leyti sem það stendur fyrir fjárhagslegri starfsemi jafnvel þó hún kunnist vera stunduð með óreglulegu millibili. Þetta á m.a. við um sölu þá á aðgöngumiðum sem Knattspyrnusambandið stendur fyrir á landsleiki í knattspyrnu. Sú starfsemi telst því falla undir 2. gr. samkeppnislaga. Af þeim sökum er ekki unnt að taka aðalkröfu áfrýjanda til greina.

2.

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála lítur svo á að landsleikir í knattspyrnu hafi sérstöðu miðað við aðra kappleiki. Þeir eru fremur fátíðir sjaldgæfir hér á landi og eru oft líklegir til að laða til sín fjölda áhorfenda sem sækja þá fyrst og fremst vegna séreðlis þeirra. Með þessari athugasemd fellst áfrýjunarnefndin á markaðsskilgreiningar samkeppnisráðs með þeim rökum sem þar koma fram.

3.

Áfrýjandi telur m.a. að hann hafi ekki misnotað markaðsráðandi stöðu sína með því selja aðgöngumiða í forsölu á tvo leiki í einu vegna þess að hann hafi verið að veita afslátt af verði fótboltaleikja sem síðan voru boðnir til kaups hvor í sínu lagi á leikdegi. Á þetta verður ekki fallist. Ekki er með sanngirni unnt að ætlast til þess að sá sem vill tryggja sér aðgöngu á landsleik í knattspyrnu geti beðið fram á leikdag með kaup á miða því að með öllu er óljóst hvort unnt verði að afla aðgöngumiða á þeim degi. Að auki eru miðar á leikdegi að jafnaði dýrari en miðar í forsölu. Með hliðsjón af þessum og öðrum rökum sem fram koma í liðum 4 og 5 í hinni áfrýjuðu ákvörðun ber að fallast á það með samkeppnisráði að umrædd samþætting viðskiptanna hafi falið í sér misnotkun á markaðsráðandi stöðu enda hefur ekki verið sýnt framá að sölufyrirkomulagið hafi falið í sér afslátt fyrir kaupandann.

4.

Ekki hafa komið fram athugasemdir við ákvörðunarorð hinnar kærðu ákvörðunar. Þau verða því staðfest. Þó þykir eftir atvikum rétt að bæta við fyrirmæli samkeppnisráðs í ákvörðunarorðunum eftirfarandi orðum: “þegar sölufyrirkomulagið felur ekki í sér raunverulegan afslátt.”

V.

Ákvörðunarorð.

Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 28/2000, dags. 2. október 2000 er staðfest á eftirfarandi hátt;

„Það fyrirkomulag sem Knattspyrnusamband Íslands viðhafði við sölu á aðgöngumiðum að landsleikjum Íslands og Danmerkur annars vegar og Íslands og Norður-Írlands hins vegar fól í sér samtvinnun í sölu á aðgöngumiðum. Með þessu móti hefur Knattspyrnusamband Íslands misnotað markaðsráðandi stöðu sína og brotið í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi, sbr. 17. gr. og 20. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Með heimild í 17. gr. og 20. gr. laganna, sbr. 51. gr., beinir samkeppnisráð eftirfarandi fyrirmælum til Knattspyrnusambands Íslands:

Við sölu á aðgöngumiðum að landsleikjum Íslands í knattspyrnu er Knattspyrnusambandinu óheimilt að gera það að skilyrði fyrir kaupnum á aðgöngumiða að einum knattspyrnuleik að jafnframt sé keyptur miði að öðrum knattspyrnuleik eða –leikjum, þegar sölufyrirkomulagið felur ekki í sér raunverulegan afslátt.”

Reykjavík 30. nóvember 2000

Stefán M. Stefánsson

Erla S. Árnadóttir

Kirstín Flygenring

Staðfest rétt endurrit: